

AUGLÝSING**um líti íslenska fánans.**

Litir þjóðfána Íslendinga ákvarðast sem hér segir:

Litirnir miðast við SCOTDIC-litastigann (Standard Colour of Textile, – Dictionaire Internationale de la Couleur) þannig:

Heiðblái liturinn: SCOTDIC nr. 693009.

Mjallhvíti liturinn SCOTDIC nr. 95.

Eldrauði liturinn SCOTDIC ICELAND FLAG RED.

Nánari upplýsingar um fánalitina veitir forsætisráðuneytið og erlendis sendiráð Íslands. Fáninn í réttum litum og hlutföllum skal vera til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands og hjá lögreglustjórum landsins.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt 13. sbr. 9. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Forsætisráðuneytið, 23. janúar 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING**um staðfesting forseta Íslands á breytingum á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 13. febrúar 1991 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

30. gr. orðast svo:

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 5. september til 21. desember og vormisseri frá 7. janúar til 26. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

2. gr.

1. ml. 1. mgr. 31. gr. orðast svo:

Á kennsluárinu eru þessi leyfi: Jólaleyfi frá 22. desember til 6. janúar og páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

3. gr.

44. gr. orðast svo:

Almenn próf eru haldin 10. til 21. desember, í allt að þrjár vikur á tímabilinu 29. apríl til 26. maí eftir ákvörðunum deilda og námsbrauta og 5–7 daga á tímabilinu 23. ágúst til 4. september eftir ákvörðunum deilda og námsbrauta. Ekki skal hafa fyrirlestra síðustu 5–7 daga